



Reykjavík, 26. febrúar 2024

FAS24010012

Borgarráð

Tillaga um útgáfu á nýjum stuttum skuldabréfaflokki og stofnun nýs langs skuldabréfaflokks

Lagt er til að fjármála- og áhættustýringarsviði verði veitt heimild til að leita tilboða og samþykkja tilboð í umsjón með útgáfu á nýjum óverðtryggðum skuldabréfaflokki til skemmri tíma, þ.e. til 3-5 ára. Útgáfa í nýjum stuttum skuldabréfaflokki yrði innan samþykkrar lántökuáætlunar fyrir árið 2024. Fjárhæð útgáfunnar yrði allt að 3 milljarðar króna. Tilgangur útgáfunnar væri að auka úrval fjárfestingarkosta á skuldabréfamarkaði og ná til breiðari hóps fjárfesta en megnið af útgefnum skuldabréfum Reykjavíkurborgar eru til langs tíma.

Þá er lagt til að fjármála- og áhættustýringarsvið verði einnig veitt heimild til að leita samhliða tilboða í mögulega umsjón, ráðgjöf og útgáfu á nýjum löngum verðtryggðum skuldabréfaflokki. Tilgangur útgáfunnar væri að fjölga valkostum í fjármögnun og lánastýringu en hefðbundnir verðtryggðir skuldabréfaflokkar Reykjavíkurborgar og jafnframt þeir stærstu eru með lokagjaldlega árið 2032 og 2053.

Gert er ráð fyrir að markaðsaðilum verði boðið að senda tilboð í umsjón með ofangreindu og að samið verði við einn eða fleiri aðila um ráðgjöf og umsjón með útgáfu og sölu.

Trúnaðarmerkt greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs fylgir tillögunni.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 26. febrúar 2024 – Trúnaðarmerkt.



Reykjavík